

## GJALDSKRÁ

**fyrir hreinsun og losun rotþróa í Húnaþingi vestra.**

1. gr.

Fyrir hreinsun og losun rotþróa í Húnaþingi vestra skal húseigandi greiða árlegt gjald, rotþróar-gjald skv. gjaldskrá þessari, sbr. 26. gr. samþykktar um fráveitur í Húnaþingi vestra nr. 639/2013.

2. gr.

Gjald vegna hreinsunar rotþróa skal vera eftirfarandi:

Rotþró 0-2.000 lítra	kr.	7.194	pr. þró
Rotþró 2.001-4.000 lítra	kr.	8.609	pr. þró
Rotþró 4.001-6.000 lítra	kr.	10.260	pr. þró
Rotþró 6.001 lítra og stærri	kr.	2.712	pr./m <sup>3</sup>

Gjald miðast við að barkalengd hreinsibíls sé 50 metrar eða styttri.

Fyrir barkalengd umfram 50 metra skal eigandi greiða sérstaklega skv. reikningi.

3. gr.

Fyrir aukalosun skal innheimta gjald þó aldrei hærra en nemur kostnaði við losun og förgun.

4. gr.

Gjaldskrá þessi sem samþykkt var af sveitarstjórn Húnaþings vestra þann 10. nóvember 2015, með stoð í 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og á grunni samþykktar um fráveitur í Húnaþingi vestra nr. 639/2013, til að öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 1117/2014.

*Hvammstanga, 16. nóvember 2015.*

**Guðný Hrund Karlsdóttir** sveitarstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 25. janúar 2016